

# Þingsályktun

## um menntastefnu fyrir árin 2021–2030.

Alþingi ályktar að unnið skuli að því að efla menntun landsmanna til ársins 2030 í samræmi við eftirfarandi menntastefnu.

### I. Markmið og framtíðarsýn.

Einkunnarorð menntastefnu til ársins 2030 verði *Framúrskarandi menntun alla ævi og gildi stefnunnar verði þrautseigja, hugrekki, þekking, hamingja og sjálfbærni.*

Menntastefnan byggist á fimm stöðum sem styðji við gildi hennar. Stöðirnar verði:

- Jöfn tækifæri fyrir alla.
- Kennsla í fremstu röð.
- Hæfni fyrir framtíðina.
- Velliðan í öndvegi.
- Gæði í forgrunni.

### II. Menntastefna 2021–2030.

- Jöfn tækifæri fyrir alla.

Lögð verði áhersla á:

- Nám við allra hæfi.
- Menntun um allt land.
- Fjölbreytt menntasamfélag.
- Snemmbæran stuðning.
- Raunfærnimat.

- Kennsla í fremstu röð.

Lögð verði áhersla á:

- Kennaramenntun og nýliðun.
- Þekkingu og hugrekki.
- Hæfnibróun fagstétta í skólasterfi.
- Lagaramma menntamála.
- Fjölbreytileika.

## C. Hæfni fyrir framtíðina.

Lögð verði áhersla á:

1. *Læsi.*
2. *Framþróun íslensks máls og táknmáls.*
3. *Vísindi og rannsóknir.*
4. *Starfs-, iðn- og tækninám.*
5. *Náms- og starfsráðgjöf.*
6. *List- og verknám.*
7. *Sköpun og gagnrýna hugsun.*
8. *Stafræna tilveru.*
9. *Bókasöfn.*
10. *Menntun fyrir alla.*

## D. Velliðan í öndvegi.

Lögð verði áhersla á:

1. *Heilsueflingu.*
2. *Geðrækt.*
3. *Forvarnir.*
4. *Rödd nemenda.*
5. *Velliðan allra.*

## E. Gæði í forgrunni.

Lögð verði áhersla á:

1. *Ábyrgð og samhæfingu þjónustukerfa.*
2. *Aðalnámskrár sem styðja við menntastefnu.*
3. *Námsmat og námsgögn.*
4. *Væntingar til nemenda.*
5. *Væntingar til foreldra.*
6. *Stöðugar umbætur og gæðastarf.*
7. *Skilvirka ráðstöfun fjármuna.*

**III. Innleiðing menntastefnu.**

Innleiðingu menntastefnunnar verði skipt í þrjú tímabil. Við upphaf hvers tímabils verði lögð fram innleiðingaráætlun ásamt aðgerðum og árangursmælikvörðum. Fyrsta áætlunin verði lögð fram og kynnt af ráðherra innan sex mánaða frá samþykkt ályktunar þessarar. Miða skuli að því að menntakerfið eigi í öflugu samstarfi við ýmsar stofnanir og samtök í samfélaginu til að tryggja að árangur verði af innleiðingunni. Eining ríki annars vegar um hvaða framtíðarsýn liggja menntastefnunni til grundvallar og hins vegar um markvissa hagnýtingu nýjustu rannsókna sem tengjast framþróun og árangri í menntamálum.

---

*Samþykkt á Alþingi 24. mars 2021.*